

**63. stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands, haldinn 9. desember 1998, að Austurvegi 56,  
Selfossi kl. 9:00**

Mætt: Karl Björnsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Sesselja Jónsdóttir og Þorvarður Hjaltason.

Dagskrá:

**1. Drög að fjárhagsáætlun og nýrri gjaldskrá.**

Framkvæmdastjóri lagði fram drög að fjárhagsáætlun fyrir 1999.

Stjórnin samþykkti áætlunina fyrir sitt leyti og vísaði henni til aðalfudnar. Áætlun fylgi með fundargerð.

Einnig var samþykkt eftirfarandi tillaga að nýrri gjaldskrá:

- ❖ Gjald fyrir sorp frá aðildarsveitarfélögum kr. 1.70 pr/kg.
- ❖ Gjald fyrir sláturúrgang kr. 3.50 pr/kg.
- ❖ Gjald fyrir annað aðflutt sorp sem ekki er sammingsbundið kr. 3.40 pr/kg.
- ❖ Gjald fyrir seyru kr. 0.50 pr/kg.
- ❖ Afgreiðslugjald kr. 560 pr. losun.
- ❖ Gjald fyrir trjákurllara kr. 1.800 pr/klst.

Gjaldskráin tekur gildi 1. janúar 1999.

Meðalhækkun gjaldskrárinnar er 6% en hún hefur ekki hækkað sl. tvö ár.

**2. Erindi frá skipulags- og byggingarfulltrúa Ölfushrepps, dags. 30. nóvember sl.**

Samþykkt að taka á móti byggingarnefnd Ölfushrepps í Kirkjuferjuháleigu 11. des. nk.

**3. Umræður um flutning sorps af höfuðborgarsvæðinu.**

Guðmundur Ingi lagði fram drög að samkomulagi á milli Ölfushrepps og Sorpstöðvar Suðurlands.

Málinu frestað til næsta fundar.

**4. Önnur mál.**

- 4.a.** Framkvæmdastjóri lagði fram drög að starfsáætlun fyrir fyrsta starfsár Fagráðs um endurnýtingu og úrgang (FENÚR) sem stofna á í dag 9. desember.

Fundi slitið kl. 10:40

Karl Björnsson.

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson.

Sesselja Jónsdóttir.

Þorvarður Hjaltason.